



KVENNASKÓLINN Í REYKJAVÍK

Fríkirkjuvegi 9 / 101 Reykjavík
Sími 580 7600 / www.kvenno.is
kvennaskolinn@kvenno.is
Kennitala: 650276-0359

Reykjavík, 23. júní 2021

Kæri umsækjandi.

Hér með tilkynnist að þér hefur verið veitt skólavist í Kvennaskólanum í Reykjavík veturinn 2021-2022.

Nýnemar eiga að koma til **skólasetningar miðvikudaginn 18. ágúst kl. 09.00**. Skólasetningin verður í Uppsölum, Þingholtsstræti 37, sjá nánar á heimasíðu skólans <http://www.kvenno.is> í ágúst. Að skólasetningu lokinni hitta nýnemar umsjónarkennara sína og bekkjarfélaga. Gert er ráð fyrir að nýnemar verði í skólanum fram yfir hádegi þennan dag. Hægt verður að sjá stundaskrá og bókalista í Innu, námskerfi skólans, eftir miðjan ágúst. Leiðbeiningar um það verða þá komnar á heimasíðu skólans. **Kennsla hefst fimmtudaginn 19. ágúst samkvæmt stundaskrá.**

Greiðsluseðill fyrir innritunargjöld haustannar hefur verið stofnaður og er sýnilegur á island.is og krafa birtist í heimabanka. Gjaldþagi er 1. júlí en eindagi **15. júlí n.k.** Ef seðillinn er ekki greiddur á tilskildum tíma skoðast það sem höfnun á skólavist og verða aðrir umsækjendur teknir inn í staðinn. Mikilvægt er að tilkynna skólanum strax með tölvupósti á netfangið kvennaskolinn@kvenno.is ef skólavistin verður ekki þegin.

Upplýsingar um námið, skólareglur og sitthvað fleira er að finna á heimasíðu skólans og hvet ég þig til að kynna þér hana vel. Við upphaf skólaárs í haust verða námsáætlanir í öllum greinum settar inn í námskerfið Innu sem þú skalt líka kynna þér vel.

Þó að nemendum sé ekki skylt að eiga fartölvur og vera með þær í skólanum er talið mjög æskilegt að þeir geti haft afnot af slíku hjálpartæki við nám sitt.

Kynningafundir fyrir forráðamenn nýnema um námsskipulag og starfshætti skólans verða haldnir í skólanum þriðjudaginn 24. ágúst fyrir forráðamenn nýnema á félagsvísindabraut og miðvikudaginn 25. ágúst fyrir forráðamenn nýnema á náttúruvísindabraut. Fundirnir hefjast kl. 20.00 og fara fram í Uppsölum, Þingholtsstræti 37.

Með von um gott samstarf og árangur í námi sendir skólinn þér og fjölskyldu þinni bestu kveðjur,

Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari.